

Aðalfundur 4. júní 2015

Endanleg dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn fimmtudaginn 4. júní 2015 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica (VOX Club), Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
- 3) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2014/15.
- 4) Tillaga að breytingu á samþykktum félagsins.
 - Grein 7 um eigin hluti verði breytt þar sem kveðið verður á um að heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé skuli tiltekin í samþykktum hverju sinni með þeim skilyrðum sem hluthafafundur ákveður.
 - Breytingartillaga Gildis-lífeyrissjóðs við tillögu stjórnar.
- 5) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- 6) Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
 - Tvær breytingartillögur Gildis-lífeyrissjóðs.
- 7) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
- 8) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum
 - Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs um niðurfellingu núverandi heimildar og ákvörðun á nýrri heimild.
- 9) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Tillögur stjórnar Haga hf.:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2014/15, ásamt skýrslu endurskoðanda, verði samþykktur.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2014/15 sem nemur 1,7 krónu á hlut, eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Heildararðgreiðslan nemur því tæpum 1.992 milljónum króna.

Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 8. júní 2015. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2014/15 verður því 5. júní 2015, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 25. júní 2015.

3) Tillaga að breytingu á samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund félagsins að grein 7 um eigin hluti verði breytt þar sem kveðið verður á um að heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé skuli tiltekin í samþykktum hverju sinni með þeim afmörkunum sem hluthafafundur ákveður. Meðfylgjandi eru tillagan og greinargerð vegna breytingarinnar.

4) Þóknun til stjórnarmanna (dagskrárliður 5)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt eða sem hér segir: Stjórnarformaður kr. 500.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 250.000,- á mánuði. Auk þess leggur stjórn félagsins til að laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði óbreytt eða sem hér segir: Formaður nefndar kr. 140.000,- á mánuði og nefndarmenn kr. 70.000,- á mánuði.

5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund félagsins að meðfylgjandi starfskjarastefna verði samþykkt.

6) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda (dagskrárliður 7)

Framboð til setu í stjórn Haga hf. skal berast skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar að þeim fresti loknum.

Stjórn Haga hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði kosinn endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár. Endurskoðanda félagsins verður greitt í samræmi við útgefna og samþykktá reikninga.